



Borgarráð

Reykjavík, 18. maí 2026

MSS25120151

Youth Climate Action Fund - umsókn Reykjavíkurborgar

Lagt er fram til kynningar svar teymis Youth Climate Action Fund þar sem þakkað er fyrir umsókn Reykjavíkurborgar í ungmennasjóð loftslagsaðgerða, sem Bloomberg Philanthropies styður og jafnframt upplýst að ekki var hægt að bjóða Reykjavíkurborg sæti í þessari umferð áætlunarinnar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Svar Youth Climate Action Fund, dags. 29. apríl 2026.

Tillaga vegna Youth Climate Action Fund, dags. 5. janúar 2026.

From: info@youthclimateactionfund.org <info@youthclimateactionfund.org>

Sent: miðvikudagur, 29. apríl 2026 08:31

To: Borgarstjórinn í Reykjavík <borgarstjori@reykjavik.is>

Cc: Benedikt Traustason <benedikt.traustason@reykjavik.is>

Subject: An update on your Youth Climate Action Fund application

April 29, 2026

Reykjavík

Mayor Heiða Björg Hilmisdóttir,

Thank you for your city's application to the Youth Climate Action Fund, supported by Bloomberg Philanthropies. We received a high number of applications from cities around the world and were forced to make difficult decisions. Unfortunately, we are not able to offer your city a place in this round of the program.

We appreciate your interest in the program. To build connections with colleagues around the world, we invite your city staff to join the Bloomberg Center for Public Innovation's [Public Innovators Network \(PIN\)](#), a global community of local government leaders collaborating to advance public sector innovation. Through the network, members can connect with peers across cities, exchange practical insights, and access learning opportunities that support their work tackling complex challenges, including climate action.

Thank you again for the time, care, and thought your team invested in your application to the Youth Climate Action Fund. We look forward to staying connected with you and sharing new program participation opportunities in the future.

With appreciation,

The Youth Climate Action Fund Program Team



Borgarráð

Reykjavík, 5. janúar 2026

MSS25120151

Youth Climate Action Fund – Endurnýjun á aðild

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita borgarstjóra heimild til að undirrita yfirlýsingu vegna umsóknar um aðild að Youth Climate Action Fund fyrir árin 2026 og 2027. Youth Climate Action Fund, eða Loftslagssjóður ungs fólks í Reykjavík, er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Bloomberg Philanthropies. Markmið sjóðsins er að virkja ungt fólk í þróun lausna við loftslagsvandannum. Veittir eru styrkir til verkefna sem eru hönnuð og unnin af ungu fólki á aldrinum 15–24 ára. Eftirfylgni með umsóknarskrifum verður á vegum umhverfis- og skipulagssviðs. Styrkur Bloomberg Philanthropies til Loftslagssjóðs ungs fólks í Reykjavík getur numið allt að 12,6 m.kr. á ári.

Greinargerð:

Bloomberg Philanthropies hefur ákveðið að veita borgum styrki til að reka loftslagssjóði árin 2026 og 2027. Reykjavíkurborg hefur tekið þátt í verkefninu undanfarin tvö ár þar sem umhverfis- og skipulagssvið hefur haft umsjón með framkvæmd þess. Reykjavíkurborg býðst nú að sækja um aðild að sjóðnum á ný en til þess þarf yfirlýsingu frá borgarstjóra eða *Mayor's Pledge*. Allt að 300 borgir munu hljóta styrk úr sjóðnum og til þessa hefur Ungmennasjóðurinn fyrir loftslagsmál stutt 100 sveitarfélög um allan heim til að vinna með yfir 100.000 ungum íbúum að því að skapa 250 græn svæði, byggja 118 jarðgerðarstöðvar, planta yfir 150.000 trjám og innlendum plöntum, hanna 3.000 samfélagsgarða og safna meira en 325.000 pundum af rusli og endurvinnanlegu efni. Allt þetta skilar áþreifanlegum árangri fyrir samfélögin.

Dæmi um verkefni sem loftslagssjóður ungs fólks hefur styrkt í Reykjavík fyrir u.þ.b. 12 milljónir á ári eru hakaþon unga fólksins um endurheimt votlendis, endurvinnsla á ónýtum tjöldum til að minnka textílsóun á útihátíðum, samkeppni til að virkja börn á grunnskólaaldri til þess að semja sögu sem tengist umhverfismálefnum þar sem besta sagan verður gefin út, jafningjafræðsla um flokkun, umræðuvettvangur ungs fólks um sjálfbærni og kvikmyndaiðnaðinn, útgáfa loftslagsblaðs, vettvangsferðir og alls kyns fræðsluviðburðir. Verkefni verða að styðja við og vísa í loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

1. Loftslagssjóður ungs fólks í Reykjavík
2. Youth Climate Action Fund: Mayor's Pledge



Loftslagssjóður ungs fólks í Reykjavík

Úthlutunarreglur

1. Sjóðurinn og markmið hans

Loftslagssjóður ungs fólks í Reykjavík (Youth Climate Action Fund) er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Bloomberg philanthropies. Markmið sjóðsins er að virkja ungt fólk í leit að lausnum á loftslagsvandannum. Sjóðurinn veitir styrki til verkefna sem eru hönnuð og unnin af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára.

Heildarupphæð styrkja úr sjóðnum ræðst af því fjármagni sem Bloomberg philanthropies styrkir Reykjavíkurborg til verkefnisins. Úthlutun úr sjóðnum fylgir þessum reglum sem byggja á leiðbeiningum Bloomberg philanthropies. Umhverfis- og skipulagssvið annast umsjá sjóðsins, þ.m.t. auglýsingu og úthlutun úr sjóðnum.

2. Umsækjendur

Ungt fólk 15-24 ára eða samtök sem starfa í þágu fólks á þeim aldri geta sótt um styrk í sjóðnum. Umsóknir þurfa að berast í gegnum samtök, hópa eða skóla. Ekki eru veittir styrkir til einstaklinga.

3. Styrkhæf verkefni

Sjóðurinn styrkir ný verkefni sem tengjast lausnum á loftslagsvandannum. Verkefni verða að vera hönnuð og framkvæmd af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára. Verkefni þurfa að hafa beina skírskotun til og styðja við gildandi loftslagsáætlun Reykjavíkur.

Verkefni sem koma ekki til álita eru: verkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem hafa nú þegar hlotið styrk, verkefni sem eru unnin beint í tengslum pólitíska eða trúarlega starfsemi, námsstyrkir eða beinn stuðningur við einstaklinga.

4. Umsóknir

Umsækjandi skal skila þeim gögnum sem óskað er eftir t.a.m. um markmið verkefnis, tíma- og verkáætlun, aðra fjármögnun verkefnis. Umsóknir verða að berast fyrir auglýstan umsóknarfrest.

5. Styrkhæfur kostnaður

Styrkhæfur kostnaður verður að tengjast verkefni beint, t.a.m. efniskostnaður, kostnaður vegna þátttöku í verkefnum eða annars slíks.

Laun eða launatengd gjöld eru að jafnaði ekki styrkhæf nema annað sé tekið fram. Ekki er hægt að hljóta styrk vegna kaupa á tækjabúnaði, kostnaðar sem er hluti af daglegum rekstri eða þóknun fyrir ræðumennsku á viðburðum.

6. Valnefnd

Umhverfis- og skipulagssvið skipar að lágmarki 3 einstaklinga í valnefnd fyrir mat á umsóknum. Leitast skal við að fulltrúar í valnefnd hafi sérþekkingu á loftslagsmálum, starfi með ungu fólki og þekkingu á stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Valnefnd ákveður umsóknarfrest í samræmi við leiðbeiningar Bloomberg philanthropies.



7. Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal meta hvort verkefni:

- Sé hannað og framkvæmt af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára
- Hafi beina skírskotun til loftslagsstefnu Reykjavíkur
- Verði framkvæmt í Reykjavík
- Verði lokið fyrir auglýsta lokadagsetningu
- Byggi á sterkri hugmynd og hafi skýr markmið
- Sé líklegt til að draga úr losun eða stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum
- Fari nýjar eða skapandi leiðir til að ná markmiðum þess
- Hafi skýra verk- og tímaáætlun
- Sé líklegt til að valdefla ungt fólk á aldrinum 15-24 ára
- Hafi skýra fjárhagsáætlun og sótt sé um styrk fyrir styrkhæfum kostnaði
- Öðrum atriðum sem koma fram í auglýsingu.

Valnefnd gerir valnefndarálit fyrir hvert verkefni.

8. Skil á gögnum

Styrkþegar skulu veita allar fjárhagslegar upplýsingar sem tengjast styrkveitingunni og framvindu verkefnisins. Styrkþegar skulu skila lokaskýrslu með þeim áherslum sem óskað er eftir hverju sinni.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg og Bloomberg philanthropies skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

9. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi þegar þær hafa verið staðfestar af borgarráði.

YOUTH CLIMATE ACTION FUND

Supported by Bloomberg Philanthropies

Youth Climate Action Fund: Mayor's Pledge

I _____ [name], Mayor (or equivalent) of

_____ [city] confirm that:

- I feel the urgency of this moment and I am excited to be part of a group of global cities deploying microgrants to innovative youth engagement projects across my community within 12 months.
- I am committed to administering this youth-led climate action program in a way that is consistent with my city's climate plan.
- I can dedicate staff to launching and monitoring youth-led climate-focused microgrants, to participating in virtual technical assistance programming, and to sharing updates, impacts, and stories from the ground with Youth Climate Action Fund partners.

[signature]

